

**Sp.**

**283. Nefndarálit**

[1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1985.

Frá minni hl. fjárveitinganefndar.

Í umræðum við afgreiðslu nógildandi fjárlaga í des. s. l. lögðu talsmenn meiri hl. fjárveitinganefndar, svo og fjármálaráðherra, sérstaka áherslu á að það væri eitt af grundvallaratriðum við gerð fjárlaganna að þau væru raunhæf með eindæmum.

Það kom þó fljótlega í ljós eins og fulltrúar stjórnarandstöðunnar höfðu haldið fram að útgjöld ríkissjóðs voru stórlega vanáætluð við afgreiðslu fjárlaga. Eftir margra vikna ráðleysi stjórnarflokkanna var þessi niðurstaða um markleysi fjárlagaafgreiðslunnar staðfest með flutningi frumvarps til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum 1984. Þar kom fram að útgjöld ríkissjóðs voru í fjárlögum vantalin um hvorki meira né minna en ríflega 2000 millj. kr. Við blasti 1900 millj. kr. rekstrarhalli enda þótt efnahagshorfur fyrir árið 1984 væru í athugasemdum með frumvarpinu taldar „heldur bjartari en þær þóttu um síðast liðin

áramót“. Heildarfjárvöntun í sambandi við fjárlög og lánsfjáráætlun reyndist nema 2755 millj. kr. og vandinn var fyrst og fremst leystur með nýjum erlendum lántökum að upphæð 2052 millj. kr., þar af 1222 millj. kr. til ríkissjóðs.

Þannig fór um þann fjárlagafrumburð ríkisstjórnarinnar sem mest var hampað um jólaleytið í fyrra og því ekki undrunarefni að flokksmálgagn fjármálaráðherra vitnar til fyrstu fjárlagaafgreiðslu núverandi ríkisstjórnar sem sérstaks vítis til að varast.

Prátt fyrir yfirlýsta stefnu ríkisstjórnarinnar um að draga úr erlendum lántökum eru það erlend lán ríkissjóðs og þjóðarbúsins í heild sem halda ríkisbúskapnum á floti. Ríkissjóður nýtur í því efni góðs af því að innflutningur vöru og þjónustu á árinu 1984 mun nema um 5000 millj. kr. hærri upphæð, eða um 15% meira að magni, en gert var ráð fyrir við afgangi nógildandi fjárlaga.

Þessi stóraukni innflutningur vöru og þjónustu er að mestu borinn uppi af erlendum lánunum þar sem viðskiptahalli er nú áætlaður 3500 millj. kr. í ár í stað 100 millj. kr. sem spáð var í þjóðhagsáætlun fyrir ári.

Í greinargerð með fjárlagafrumvarpinu er boðað að fjallað verði um fjárfestingar- og lánsfjáráætlun á Alþingi samhliða fjárlagafrumvarpinu og réttilega lögð á það áhersla að það sé „forsenda þess að unnt sé að móta heildarstefnu í peninga- og fjármálum hins opinbera“.

Fjárveitinganefnd hefur fjallað um fjárlagafrumvarpið í tvo mánuði og er að ljúka því án þess að lánsfjáráætlun hafi verið lögð fram eða rædd. Er það í samræmi við þá mynd sem við blasir: heildarstefna í peninga- og fjármálum hins opinbera í ráðleysi.

Við afgangi fjárlaga í fyrra og nú er aðhaldi og niðurskurði fyrst og fremst beitt gagnvart framlögum til félagslegra framkvæmda. Það bitnar ekki síst á landsbyggðinni og er hluti af þeirri ógnun sem markaðs- og frjálshyggjustefna ríkisstjórnarflokkanna er gegn jafnvægi í byggð landsins.

Framlög til dagvistarheimila voru um fimmtungi hærri að raungildi árið 1983 en nú er stefnt að við afgangi fjárlaga. Framlög til sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva voru um þriðjungi hærri að raungildi 1983 og framlag til hafnarframkvæmda ríflega 120% herra að raungildi.

Á annan veg er farið með fjármunina þegar rekstrarútgjöld eru ákvörðuð. Við síðustu fjárlagaafgreiðslu voru m. a. útgjöld til aðalskrifstofu ráðuneytanna færð til samræmis við niðurstöður ríkisreikninga undangenginna ára. Átti það að veita betra færi til aðhalds. Reynslan gagnvart þessum rekstrarútgjöldum er þó sú að framlög til aðalskrifstofa ráðuneyta, Hagstofu Íslands, Ríkisendurskoðunar og Fjárlaga- og hagsýslustofnunar hækka um allt að 35,5% og að meðaltali um 10,1% að raungildi. Heildarútgjöld til þessara rekstrarliða hækka úr 256,9 millj. kr. í 321,1 millj. kr. eða um 35,0 millj. kr. að raungildi. Raungildishækkun nemur á móta hárra upphæð og ríkissjóður veitir til allra dagvistarheimila í landinu á næsta ári.

Samtímis því að markvisst hefur verið dregið úr framlögum til framkvæmdaverkefna eins og segir í greinargerð með fjárlagafrumvarpinu hefur sparnaður á rekstrarliðum ekki verið framkvæmdur eins og af er látið né heldur hafa heildarútgjöld ríkissjóðs dregist saman að raungildi.

Ef hugað er að tilraunum til samdráttar um 2 ½% á launaliðum og 5% á rekstrarliðum er augljóst af því, sem áður er rakið, hvernig farið hefur í þeim efnum um aðalskrifstofu ráðuneytanna. Og upplýsingar sem lagðar hafa verið fram í fjárveitinganefnd benda til þess að launaútgjöld ríkisspítalanna verði á þessu ári ekki 2 ½% lægri en orðið hefði án sparnaðarmarkmiðanna heldur 3—4% hærri og rekstrarútgjöld verði ekki 5% lægri heldur um 8% hærri. Hér gæti samtals munað um 65 millj. kr.

Í samræmi við það, sem sagt hefur verið um einstaka rekstrarliði, sýna reikningar fyrri ára og áætlanir fyrir næsta ár að almenn rekstrarútgjöld eru í heild samkvæmt fjárlagafrumvarpinu fyrir árið 1985 11% hærri að raungildi en á árinu 1983. Þessi útgjöld hækka úr 1572

millj. kr. árið 1983 í 1743 millj. kr. árið 1985, hvort tveggja reiknað á sama verðlagi, þ. e. meðalverðlagi ársins 1983.

Þrátt fyrir samdrátt í þjóðarframleiðslu, niðurskurð framlaga til verklegra framkvæmda og fjórðungsníðurskurð á verðgildi launa ríkisstarfsmanna hafa heildarútgjöld ríkissjóðs ekki dregist saman að raungildi og verða á næsta ári meiri en á nokkru öðru ári að undanskildu árinu 1983. Það ár fellur þó að mestu undir stjórnartímabil núverandi ríkisstjórnar og er ekki sambærilegt við önnur þar sem á því ári var yfirtaka á byggðalínum bókfærð á ríkissjóð og bókfært skuldauppgjör við Vestmannaeyjakaupstað vegna eldgossins í Eyjum, samtals 1066 millj. kr.

Ríkisútgjöld á föstu verðlagi (ársins 1983) hafa verið sem hér segir frá árinu 1972 (útgjöld ársins 1985 eru miðuð við áætlaða upphæð eftir 2. umræðu):

Ár	Millj. kr.
1972	10864
1973	11815
1974	13004
1975	13563
1976	12767
1977	13333
1978	14045
1979	14592
1980	14510
1981	15778
1982	15721
1983	17717
1984	15686
1985	16300

Áætlað er að heildarútgjöld ríkissjóðs nemi samkvæmt nýjum verðlagsforsendum fyrir árið 1985 og framlögðum breytingartillögum fjárveitinganefndar fyrir 2. umræðu 25500 millj. kr. og aukist um 30% frá raunútgjöldum á árinu 1984 á sama tíma og launaútgjöld og almennur rekstrarkostnaður er talinn hækka um 24%.

Hækkun heildarútgjalda ríkissjóðs á næsta ári umfram almenna verðhækkun jafngildir ríflega 1200 millj. kr. sem er meira en þrefalt hærri upphæð en áætlað er að verja til byggingar grunnskóla, til hafnarframkvæmda, dagvistar, heimila, íþróttamannvirkja, sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva á árinu 1985.

Við afgreiðslu nógildandi fjárlaga var það sérstaklega tekið fram af málsvörum ríkisstjórnarinnar að meginstefna ríkisstjórnarinnar væri:

1. að láta minnkandi þjóðartekjur nægja fyrir útgjöldum,
2. að hætta eyðsluskuldasöfnun erlendis,
3. að ná jöfnuði í viðskiptum og þjónustu við útlönd.

Ekkert af þessum markmiðum hefur náðst:

1. Stefnt er að því að afgreiða fjárlög með verulegum halla. Almenn rekstrarútgjöld ríkissjóðs hafa hækkað umfram verðlagsbreytingar.

Heildarútgjöld ríkissjóðs hafa aldrei verið hærri að raungildi en þau eru áætluð á næsta ári.

2. Á sama tíma og þjóðarframleiðsla hefur dregist saman um 1% á árinu 1984, en það jafngildir um 670 millj. kr., hafa erlend lán aukist um 3055 millj. kr. eða 4,5 sinnum meira en nemur samdrætti í þjóðarframleiðslu.

Erlendar lántökur ríkissjóðs voru í fjárlögum 1984 áætlaðar 1653 millj. kr. Vanáætlun útgjalda á fjárlögum var mætt s. l. vor með stórfelldum nýjum erlendum lántökum og erlendar lántökur ríkissjóðs á næsta ári eru í fjárlagafrumvarpinu áætlaðar 2600 millj. kr. Samkvæmt framsetningu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins á lántökum ríkis-

sjóðs 1984 og 1985, á sama grundvelli bæði árin, hækka erlendar lántökur ríkissjóðs nettó um 75,9% á næsta ári.

Það er því ekki að ófyrirsynju að formaður Sjálfstæðisflokksins sagði á fundi í Ólafsfirði s. l. sumar, samkvæmt heimild blaðsins Íslendinga, að í fyrsta skipti hafi nú verið tekin erlend lán í beinan rekstur ríkissjóðs. Það hafi valdið mismun milli atvinnugreina, uppsveiflu í þjónustu, verslun og byggingariðnaði en komið niður á sjávarútvegi. Gera verði því gangskör að því við undirbúning fjárlaga að útgjöld ríkissjóðs verði ekki meiri en tekjurnar.

Nú stefna stjórnarflokkarnir að því að afgreiða fjárlög fyrir næsta ár með 600—700 millj. kr. rekstrarhalla á ríkissjóði og auknum erlendum lántökum.

3. Viðskiptahalli verður um 3500 millj. kr. á þessu ári í stað 100 millj. kr. í þjóðhagsáætlun fyrir árið 1984.

Það er því ljóst að afgreiðsla fjárlaga fyrir árið 1985 er enn ein staðfesting á því skipbroti stjórnarstefnunnar sem blasir hvarvetna við í þjóðfélaginu.

Alþingi, 11. des. 1984.

Geir Gunnarsson,  
fundaskr., frsm.

Karvel Pálmason.

Kolbrún Jónsdóttir.

Kristín Halldórsdóttir.